

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. júlí 1935.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá **fyrir Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrín Skúladóttur.**

1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður með erfðaskrá Guðmundar prófessors Magnússonar og konu hans, Katrínar Skúladóttur, dagsettri 18. janúar 1922, og með 50.000 - fimmtíu þúsund - króna gjöf, samkvæmt bréfi til háskólaráðs, dags. 3. nóv. 1922, nefnist legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- A. Samkvæmt útskrift úr skiptabók Reykjavíkur nettóerfð kr. 38.195,10 - þrjátíu og átta þúsund eitt hundruð níutíu og fimm krónur og 10 au.
- B. Samkvæmt gjafabréfi, sem fyr er getið, kr. 50.000,00.
- C. Ágóði af útdregnum verðbréfum og vextir eftir lát frú Katrínar Skúladóttur til 1. janúar 1935 kr. 12.752,83 - tólf þúsund sjö hundruð fimmtíu og tvær krónur 83 au. -

Háskólaráðið varðveitir eignir sjóðsins, og skal það sjá um, að þær séu ávaxtaðar í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum, að svo miklu leyti sem stofnfé sjóðsins er ekki nú í öðrum eignum. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í árbók háskólans, og skal reikningsár sjóðsins vera almanaksárið.

Innstæðu sjóðsins má aldrei skerða, og ávallt skal leggja 1/10 vaxta við höfuðstólinn.

Háskólaráðið skal láta færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og skal færa í hana ársreikning sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins, þeim, sem ekki leggjast við höfuðstólinn, skal varið þannig:

- 1. Til þess að styrkja kandiðat í læknisfræði til undirbúnings í útlöndum undir kennarastarf í einhverri grein læknisfræðinnar við læknadeild háskólans. Veita má sama manni styrk úr sjóðnum í þessu skyni oftari en einu sinni, þó aldrei oftari en 4 ár. Þegar vextir sjóðsins, sem úthluta má, nema 7.200 krónum eða þar yfir, má veita tveim eða fleirum á ári styrk úr sjóðnum, en aðeins einum kandiðat í senn þangað til, nema sérstaka nauðsyn beri til.
- 2. Ef svo ber til, að eitthvert ár verði ekki um neinn hæfan umsækjanda að ræða, er styrkur verður veittur í þessu skyni, eða þess þykir ekki þurfa, má veita íslenskum læknisfræðingi sömu upphæð úr sjóðnum til verðlauna fyrir ritgerðir um læknisfræði, eða til rannsókna í læknisfræði. Slíkan styrk eða verðlaun má þó veita fleirum en einum, ef styrkveitinganefnd telur fulla ástæðu til þess.

5. gr.

Styrkveitingum ræður þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni: forseti læknadeildar háskólans, og er hann formaður, annar af kennurum læknadeildar, kosinn af henni, og einn maður, kosinn af stjórn Læknafélags Íslands. Styrkveitinganefnd haldi gerðabók fyrir sjóðinn, og færi í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum og styrkveitingar og annað, sem varðar starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.